

21. gr.

Brot á reglugerð.

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 20 000,00 krónum, (fylgir byggingavísitölu) nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar, skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í ríkissjóð.

22. gr.

Málsókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem opinber mál. Rafveitan getur auk þess höfðað skaðabóta- og innheimtumál skv. almennum reglum um meðferð einkamála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld eldri reglugerð sama efnis, nr. 211, 10. desember 1947.

Iðnaðarráðuneytið, 3. janúar 1983.

Hjörleifur Guttormsson.

Páll Flygenring.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um gatnagerðargjöld í Hveragerðishreppi nr. 202 29. apríl 1977.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Gjaldið reiknast af lóðarstærð, svo og stærð byggingar sem ákveðinn hundradshluti af byggingarkostnaði pr. rúmmetra eins og hann er reiknaður af Hagstofu Íslands hverju sinni. Miðað skal við vísitölu byggingarkostnaðar 1331 í nóvember 1982 og rúmmetra vísitöluhús kr. 2 375,07 með þeim breytingum er síðar kunna að verða. Gjald sem reiknast af lóðarstærð breytist í samræmi við vísitöluna.

Gjald í A-flokki er sem hér segir:

1. Einbýlishús	lóð kr. 31,70 pr.m ²	og hús	2,5% pr.m ³
2. Raðhús	lóð kr. 31.70 pr.m ²	og hús	2,0% pr.m ³
3. Raðhús, 2 hæðir og fjölbýli	lóð kr. 31.70 pr.m ²	og hús	1,0% pr.m ³
4. Versl. og skrifst. að fyrstu 1000 m ³	lóð kr. 31,70 pr.m ²	og hús	2,0% pr.m ³
umfram 1000 m ³			1,0% pr.m ³
5. Iðnaðarhús	lóð kr. 15,85 pr.m ²	og hús	0,5% pr.m ³
6. Gróðurhús	lóð kr. 15,85 pr.m ²	og hús	0,5% pr.m ³

2. gr.

5. gr. orðist svo:

Gjaldið reiknast af lóðarstærð og/eða stærð byggingar með sama hætti og A-gjald skv. 2. grein.

Gjald í B-flokki er sem hér segir:

1. Einbýlishús	lóð kr. 31,70 pr.m ²	
2. Raðhús 1 hæð	lóð kr. 31,70 pr.m ²	
3. Raðhús 2 hæðir og fjölbýlishús	lóð kr. 31,70 pr.m ²	
4. Versl. og skrifst. húsnæði	lóð kr. 31,70 pr.m ²	og hús 0,5% pr.m ³
5. Iðnaðarhús	lóð kr. 15,85 pr.m ²	og hús 0,5% pr.m ³
6. Gróðurhús	lóð kr. 15,85 pr.m ²	

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hveragerðishrepps staðfest-ist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 sbr. lög nr. 31/1975 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 5. janúar 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir heimilisþjónustu á vegum Selfossbæjar.

1. gr.

Fyrir þjónustu veitta samkvæmt reglugerð um heimilisþjónustu skal þiggjandi greiða gjald samkvæmt eftirfarandi gjaldstiga, sem miðast við mánaðartekjur þiggjanda og tíma- laun starfsfólks heimilisþjónustunnar.

1. taxti: 0%	kr. 0,00
2. taxti: 33%	kr. 21,00
3. taxti: 66%	kr. 42,00
4. taxti: 100%	kr. 65,00

2. gr.

Ákvörðun um taxa skal tekin eftir viðmiðun við mánaðartekjur þiggjandi og skal þá tekið tillit til hvort um er að ræða einstakling, hjón eða sambýlisfólk. Félagsmálaráði er einnig heimilt að víkja frá gjaldskránni ef um sérstakar ástæður er að ræða.

Taxti fyrir einstaklinga:

1. Sérstakar ástæður, samkv. ákvörðun félagsmálaráðs hverju sinni.
2. Einstaklingar með ellilífeyri og tekjutryggingu eða sambærilegt.
3. Einstaklingar með ellilífeyri, tekjutryggingu og lífeyrissjóð eða sambærilegt.
4. Einstaklingar með tekjur umfram lið 3.